

# VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Febrúar 2018

## Skráð atvinnuleysi var 2,4% í febrúar

Skráð atvinnuleysi í febrúar var 2,4% og var óbreytt frá janúarmánuði. Að meðaltali fækkaði um 784 á skrá í febrúar í ár frá febrúar í fyrra (2017), en þá mældist skráð atvinnuleysi 2,9%. Þess ber að geta að vegna verkfalls sjómanna í fyrra var atvinnuleysi mikið á þeim tíma.

Atvinnuleysi minnkaði í flestum landshlutum, nema á Suðurnesjum þar sem það jókst um 0,2 prósentustig og og á Vesturlandi þar sem aukningin var 0,1 prósentustig.. Atvinnuleysi jókst um 0,1 prósentustig meðal karla en engin aukning var meðal kvenna og var atvinnuleysi 2,4% hjá körlum og 2,5% meðal kvenna.

Greiddar voru 938 milljónir í atvinnuleysistryggingar í febrúar, 846 vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga, 64 milljónir vegna tekjutengdra trygginga og 28 milljónir vegna barnadagpeninga.

Í febrúar gaf Vinnumálastofnun út 198 atvinnuleysi til útlendinga til að starfa hér á landi. Samtals hefur

Vinnumálastofnun gefið út 329 atvinnuleysi það sem af er árinu 2018.


Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru alls 48 erlend fyrirtæki starfandi í febrúar 2018 með samtals 370 starfsmenn. Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra sem erlendra alls 1.484 í febrúar á vegum 27 starfsmannaleiga.

Alls fóru 542 einstaklingar af skrá í febrúarmánuði, þar af 318 í vinnu eða um 59%. Þá voru 143 (26%) einstaklingar sem staðfestu einfaldlega ekki atvinnuleit í lok febrúar eða mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal og voru því afskráðir.

Alls voru 1.347 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok febrúar eða um 29% allra atvinnulausra. Þessi fjöldi samsvarar um 5,2% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara.

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Í febrúar tóku 886 einstaklingar þátt í slíkum úrræðum.

Skráð atvinnuleysi frá feb. 2016 til feb. 2018



## Greining atvinnuleysis

# Atvinnuleysi í febrúar og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í febrúar mældist eins og fyrr segir 2,4% og voru að jafnaði 4.298 einstaklingar á skrá í mánuðinum. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 78 á atvinnuleysissskrá frá janúar. Hins vegar voru nú 784 færri á atvinnuleysissskrá en í lok febrúar 2017, en það skýrist af verkfalli sjómanna í fyrra.

## Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í febrúar eða 3,3% og 2,8% á Norðurlandi eystra. Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuleysið 2,4% og breyttist ekki milli mánaða, sem og á landsbyggðinni þar sem atvinnuleysið mældist í heild 2,4% í febrúar.

Alls voru 2.313 karlar að jafnaði atvinnulausir í febrúar og 1.985 konur og var atvinnuleysi 2,4% meðal karla og 2,5% meðal kvenna. Atvinnuleysi minnkar milli ára hjá konum og er nú 0,8 prósentustigi lægra en í febrúar

**GREIÐSLUSTOFA  
GREIDDI  
938 milljónir**

**í febrúar**

**Þar af voru:**

**846 milljónir** vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga.

**28 milljónir** vegna barnadagpeninga.

**64 milljónir** vegna tekjutengdra atvinnuleysistrygginga.


2017. Atvinnuleysi minnkar um 0,3 prósentustig meðal karla frá febrúar 2017.

Alls voru 599 einstaklingar á aldrinum 18-24 ára atvinnulausir í lok febrúar í ár sem samsvarar um 2,2% atvinnuleysi. Atvinnulausum ungmennum hefur fækkað frá febrúar 2017 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldursbili var 630.

## Lengd atvinnuleysis

Alls höfðu 926 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok febrúar en voru 894 í febrúarlok 2017. Hefur þeim því fjölgað um 32 milli ára. Hlutfall langtímaatvinnu-

Atvinnuleysi eftir landshlutum



lausra er svipað í febrúar í ár og var 19,9% af öllum á atvinnuleysissskrá í febrúar en 19,5% í febrúar í fyrra.

## Atvinnugreinar og starfsstéttir

Mikil fækkun varð í hópi þeirra sem starfa við sjávarútveg, sem stafar af þeim mikla fjölda fiskvinnslufólks sem var atvinnulaus fram í febrúar 2017 vegna verkfalls sjómanna sem þá stóð yfir. Þá hefur

orðið mikil fækkun milli ára í upplýsinga- og fjarskipta-geiranum og í fjármála- og tryggingastarfsemi. Árstíðabundin fjölgun atvinnulausra var í mannvirkjagerð sem og í gistiþjónustu og veitingastarsemi.


Ekki eru verulegar breytingar á fjölda atvinnulausra eftir einstökum starfsstéttum milli ára nema þær sem endurspeglar þær breytingar sem voru vegna verkfalls í sjávarútvegi á sama tíma í fyrra. Lítilsháttar fækkun er meðal sérfræðinga og fólks í sölu- og afgreiðslustörfum.

### Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 1.347 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok febrúar eða um 29% allra atvinnulausra. Þessi fjöldi samsvarar um 5,2% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Flestir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysisráðu komu frá Póllandi eða 767, sem er um 57% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisráðu.

### Horfur til næstu mánaða

Atvinnuleysi nær yfirleitt hámarki í janúar og febrúar þegar atvinnuleysi eykst í ýmsum atvinnugreinum þar sem áhrifa árstíðarsveiflu gætir eins og t.d. í mannvirkjagerð, verslun og flutningum. Gera má ráð fyrir að draga muni úr skráðu atvinnuleysi í mars og það verði á bilinu 2,1-2,4%.




### Þjónusta við atvinnuleitendur

## Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

### Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fóru 542 einstaklingar af skrá í febrúarmánuði, þar af 318 í vinnu eða um 59%. Þá voru 143 (26%) einstaklingar sem staðfestu einfaldlega ekki atvinnuleit í lok febrúar eða mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal og voru því afskráðir. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu. Þá voru 21 (4%) sem fóru af skrá vegna þess að þeir voru óvinnufærir og fóru einhverjir þeirra í starfsendurhæfingu eða önnur endurhæfingarúrræði. Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra sem eftir standa, 10 fóru í fæðingarorlof, 6 fluttu úr landi og 5 höfðu fullnýtt bótarétt sinn.

Ástæður þess að fólk fór af atvinnuleysisráðu í febrúar



Karlar voru 56% þeirra sem afskráðust í febrúar. Mun fleiri karlmenn en konur afskráðust vegna þess að þeir staðfestu ekki atvinnuleit eða 65%. Um 84% afskráðra, eða 453 manns, höfðu verið atvinnulausir í innan við hálfu ári og 9% (47 manns) í 6 til 12 mánuði. Um 8% (42 manns) höfðu verið atvinnulausir lengur en eitt ár. Stærstur hluti afskráðra var fólk á aldrinum 30-39 ára (35%) og svo ungt fólk á aldrinum 18-29 ára (33%).

Margir þeirra sem fóru í starf nýttu sér þjónustu vinnumiðlunar Vinnumálastofnunar við atvinnuleitina. Sumum var miðlað beint í starf af atvinnuráðgjafa, aðrir

fengu ráðgjöf og urðu sér út um starf á eigin spýtur. Enn aðrir voru einungis skráðir atvinnulausir og fundu sér starf án nokkurrar aðstoðar.

## Auglýst störf í vinnumiðlun í febrúar

Alls komu inn 102 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnuáttakastofnun í febrúar. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest þó almenn þjónustustörf eða 32. Þá voru auglýst 24 störf sérfræðinga eða sérhæfðra starfsmanna af ýmsu tagi, s.s. störf lögfræðinga og bókara. Um 30% þessara starfa voru á höfuðborgarsvæðinu, 17% á Suðurnesjum og 16% á Austurlandi. Um 37% voru annarsstaðar á landinu.

| Auglýst störf eftir starfsstétt         | Fjöldi     | Hlutfall    |
|---|------------|-------------|
| Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf | 24         | 24%         |
| Þjónustustörf                           | 32         | 31%         |
| Afgreiðslustörf                         | 7          | 7%          |
| Iðnaðarmenn                             | 5          | 5%          |
| Bílstjórar og vélafólk                  | 1          | 1%          |
| Verkfólk í þjónustu                     | 20         | 20%         |
| Verkfólk í iðnaði, landbúnaði ofl.      | 13         | 13%         |
| <b>Samtals</b>                          | <b>102</b> | <b>100%</b> |

## Þátttaka í vinnuáttakaúrræðum


Einn hluti vinnuáttakaáðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Í febrúar tóku 886 einstaklingar þátt í slíkum úrræðum.

Af þessum 886 voru 377 í ýmis konar grunnúrræðum, en grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitar-námskeið, ferilskrárgerð, markmiðasetningu og sjálfstyrkingu. Þá voru 382 manns á ýmis konar námskeiðum, í flestum tilvikum var þar um að ræða íslensku-námskeið fyrir útlendinga og tölvunámskeið en einnig ýmis starfstengd námskeið og bókhaldsnámskeið.

Alls voru 84 einstaklingar í námi á framhalds- eða háskólastigi, flestir þeirra voru á aldrinum 18-29 ára. Um 21% voru á aldrinum 30-39 ára. Þeir sem eftir standa voru eldri.

Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í febrúar unnu 25 einstaklingar að slíkri hugmynd, 13 karlar og 12 konur. Þá var 18 einstaklingur í atvinnu-tengdri endurhæfingu, í vinnustaðanámi eða starfstengdum vinnuáttakaúrræðum.


## Þátttaka í námskeiðum og úrræðum í febrúar



## Atvinnuleit og flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnuáttakastofnun hefur umsýslu með. Í febrúar voru gefin út 26 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 20 einstaklingar, 3 fóru til Danmerkur en færri til annarra ríkja.

Útflutt réttindi í  
atvinnuleysistryggingakerfinu eftir  
löndum, febrúar 2018



Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysistryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í febrúar voru gefin út 65 U1 vottorð og líkt og undanfarna mánuði voru flest vottorðin gefin út til Póllands (27). Níu voru gefin út til Spánnar, sex til Tékklands og 23 til 15 annarra ríkja.


## Útlendingar

# Útlendingar á íslenskum vinnumarkaði

## Áframhaldandi fjölgun umsókna um atvinnuleyfi

Í febrúar gaf Vinnumálastofnun út 198 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Samtals hefur Vinnumálastofnun gefið út 329 atvinnuleyfi það sem af er árinu 2018. Af útgefnum leyfum í febrúar voru 35 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, 62 framlengd leyfi, tíu á grundvelli þjónustusamnings og 26 leyfi til námsmanna. Af 198 atvinnuleyfum sem gefin voru út í febrúar voru 63 til nýrra útlendinga á vinnumarkaði, 47 framlengd atvinnuleyfi, 84 leyfi til námsmanna og fjögur á grundvelli þjónustusamnings.

Það sem af er ári hefur Vinnumálastofnun lokið afgreiðslu 400 umsókna, en til samanburðar lauk stofnunin afgreiðslu 349 umsókna á fyrstu tveimur mánuðum ársins 2017. Flestar umsóknir eru vegna atvinnuleyfa fyrir námsmenn eða 122 leyfi en þar á eftir koma 91 leyfi vegna skorts á starfsfólki og 76 leyfi vegna starfa sem krefjast sérfræðiþekkingar. Á meðfylgjandi súluriti má sjá skiptingu umsókna eftir tegund leyfis sem sótt er um og samanburður við árið 2017:



Fjórða árið í röð eru fleiri útsendir starfsmenn og starfsmenn starfsmannaleiga starfandi í febrúar en í febrúar árið á undan

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru samtals 48 erlend fyrirtæki starfandi í febrúar 2018 með samtals 370 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra sem erlendra, samtals 1.484 í febrúar á vegum 27 starfsmannaleiga.

Af þeim 27 starfsmannaleigum sem voru starfandi á Íslandi í febrúar voru 19 innlendar og 8 erlendar. Innlendu starfsmannaleigurnar höfðu 1.444 starfsmenn á sínum vegum en hinar erlendu 40 starfsmenn. Starfsmenn starfsmannaleiga starfa því að miklum meirihluta hjá innlendum starfsmannaleigum líkt og síðustu mánuði. Þeir starfsmenn sem starfa hjá erlendum starfsmannaleigum teljast vera útsendir

starfsmenn (e. posted workers), líkt og þeir starfsmenn sem starfa hjá erlendum þjónustufyrirtækjum. Í febrúar störfuðu því samtals 410 útsendir starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði.

Sjá nánar tölulegar upplýsingar á [mælaborði](#) Vinnuáalastofnunar og í [excelskjölum](#).

## ÁBYRGÐARSJÓÐUR LAUNA GREIDDI 36 launamönnum

vangoldin laun vegna gjaldþrota  
fyrirtækja í febrúar

### Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

**Mælaborðið** sýnir atvinnuleysistöður út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

**Excelskjöl** með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

**Pdf skjöl** fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.